

Nd.

145. Frumvarp til laga

[119. mál]

um breyting á skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964.

Flm.: Stefán Gunnlaugsson, Ágúst Þorvaldsson, Lárus Jónsson, Gils
Guðmundsson, Karvel Pálmason, Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

Aftan við 35. gr. laganna bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Auk skipulagsgjalds, sem um ræðir í 1. mgr., skal árlega greiða úr ríkissjóði til framkvæmdar skipulagsmála eigi lægri fjárhæð en nemur helmingi skipulagsgjalda liðins árs. Skal til bráðabirgða miða við áætlun fjárlaga þess árs, en leiðréttá síðan í samræmi við innheimt skipulagsgjöld, sem renna skulu óskipt til þessara mála.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af stjórn Sambands isl. sveitarfélaga, sem lætur fylgja svo-fellda greinargerð:

Frá því að lög nr. 64 11. júní 1938 voru sett, hefur ríkissjóður ekki haft nein bein útgjöld vegna skipulagsmála, því að sérstakur tekjustofn, skipulagsgjald, 3% af brunabótaverði nýbygginga, hefur staðið undir kostnaði við þau mál, sbr. nú 35. gr. skipulagslaga, nr. 19 21. maí 1964, og reglugerð nr. 209 21. okt. 1952.

Lengst af síðan 1938 hefur áætlun fjárlaga reynst lægri en innheimt skipulagsgjöld, en fjárveiting til skipulagsmála hefur verið miðuð við þá áætlun; hefur það, sem umfram hefur orðið, þar til 1970 runnið til almennra þarfa ríkissjóðs, en þá fékkst viðurkenning ríkisvaldsins á því, að skipulagsgjaldið ætti að renna óskipt til skipulagsmála. Það, sem oftekið var fyrir þann tíma, hefur hins vegar ekki fengist endurgreitt þrátt fyrir ákveðnar óskir um það, bæði frá skipulagsstjórn ríkisins og Sambandi isl. sveitarfélaga. Nemur þessi fjárhæð á annan tug milljóna, og er þá miðað við allt annað verðgildi peninga en við búum við í dag.

Nú er mjög vaxandi skilningur á gildi vandaðs skipulags, og menn gera sér stöðugt betur ljóst, hvíllkur kostnaður og óþægindi geta stafað af skipulagi, sem ekki er unnið svo vel sem kostur er. Þá er það ekki lítills virði, að skipulag sé í stöðugri endurskoðun í samræmi við breyttar aðstæður og ný sjónarmið. En bæði gerð skipulags og endurskoðun kostar mikið fé.

Með skipulagslögum frá 1964 var lögfest, að heimila mætti sveitarfélögum að annast gerð skipulags undir yfirstjórn skipulagsstjórnar, og gætu þau vænst hlutdeildar úr ríkissjóði í kostnaði við slíkt. Þessari heimild voru þó svo þröngar skorður settar, að óviðunandi var, og tókst að fá heimildina vikkaða nokkuð með lögum nr. 41 24. maí 1972.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur margsinnis lýst sig fylgjandi því, að sveitarfélögin fái að hafa meiri veg og vanda af skipulagningu en verið hefur, og ýmis sveitarfélög hafa óskað þess mjög eindregið að fá slíka heimild og hún verið veitt í fáeinum tilvikum. Þess má geta, að Reykjavíkurborg hefur farið með sín skipulagsmál sjálf og að langmestu leyti á eigin kostnað, en í náinni samvinnu við skipulagsstjórn og áður skipulagsnefnd ríkisins.

Tvennt styður þessa þróun, annars vegar það, að skipulag ríkisins með alls sjö manna föstu starfslíði er gersamlega yfirhlaðið störfum, hvað snertir gerð skipulags og endurskoðun á um það bil 100 skipulagsskyldum stöðum, og svo hitt, að með því að gera fleiri aðila virka í skipulagsstarfinu ætti að fást meiri fjölbreytni og nýjar hugmyndir fremur að geta komið fram en verður, ef svo að segja öll skipulagning fer fram í einni stofnun. Slíkt gæti og orðið til þess, að landshlutasamtök sveitarfélaga gætu með tímanum tekið að sér skipulagsstörf, en mikla nauðsyn ber til þess að skapa tæknimenntuðum mönnum starfsskilyrði úti um land.

Nú eru uppi sívaxandi óskir sveitarfélaganna um það að fá meiri ítök um sín skipulagsmál og þar með fjárframlög, sem skipulagsstjórn hefur ekki getað sinnt nema að nokkru leyti vegna féleysis. Þykir brýna nauðsyn bera til þess, að ríkisvaldið sinni skipulagsmálum miklu meira en verið hefur og veiti framvegis fé til þeirra, í fyrsta lagi til þess að gjalda þá skuld, sem segja má, að stofnast hafi vegna þess, að það hefur áratugum saman tekið til almennra þarfa sinna fé, sem beinlínis var ætlað til skipulagsmála, en auk þess virðist eðlilegt, að ríkið leggi fram beinlínis nokkurt fé til þessara mikilvægu mála, er segja má, að skipti framtíðina meira en flest þau málefni, sem hæst ber á liðandi stund.

Einhver kynni að benda á, að til álita kæmi hækkun skipulagsgjaldsins. Stjórnin getur ekki lagt til slíka hækkun. Skipulagsgjaldið var frá byrjun óheppilegur tekjustofn að því leyti, að það kemur mjög illa við gjaldendur, því að það fellur í gjald-daga, þegar flestir húshyggjendur eru í miklum fjárhagsörðugleikum með nýbygg-ingar sínar. Hins vegar þykir ekki fært að leggja til, að það verði afnumið, meðan ekki er fundinn annar tekjustofn, er að gangi mætti koma.

Benda má á, að í lögum nr. 41/1972 er á ýmsan hátt takmarkað, hve mikil fjárfraðlög sveitarfélög, sem taka í eigin hendur skipulagsmálin, geti vænst að fá í þessu skyni, þannig að félagsmálaráðuneytið getur haft hemil á slíku. Má í því sambandi benda sérstaklega á þörf þess, að gerður sé samningur eða settar reglur um það, hvaða kostnaði við gerð skipulags skipulagsstjórnin taki þátt í, hvernig greiðslum skuli hagað, og annað slíkt. Skipulagsstjórn hefur gengist fyrir skipun nefndar ýmissa aðila, sem hlut eiga að máli, til að fjalla um þetta efni, sem er, eins og að líkum lætur, erfitt úrlausnar, en eigi að síður nauðsynlegt er að leysa til að koma í veg fyrir ágreining síðar meir.

Fylgiskjal.

SKIPULAGSSTJÓRINN

Reykjavík, 1.3. 1973.

Yfirlit yfir tekjur og gjöld rikissjóðs vegna skipulagsmála 1956—1970 samkvæmt upplýsingum rikisbókara og skipulagsstjóra.

Ár	Fjárlög Tekjur áætlaðar jafnar gjöldum	Raunverulegar tekjur rikissj. af skipulagsgj. 3% brunabótamati húsa	Raunveruleg gjöld rikis- sjóðs vegna skipulagsmála	Mismunur tekjur rikissjóðs umfram kostnað
1956	541 776	758 457	534 196	224 261
1957	644 166	1 169 754	565 756	603 998
1958	721 834	1 340 576	736 021	604 555
1959	812 638	1 308 777	712 954	595 823
1960	972 625	1 665 539	941 813	723 726
1961	1 109 917	2 500 675	1 101 049	1 399 626
1962	1 290 842	2 563 013	1 320 462	1 242 551
1963	1 358 471	2 145 432	1 497 534	647 898
1964	3 030 630	3 319 948	3 030 630	289 318
1965	3 926 286	4 178 233	3 926 286	251 947
1966	4 036 280	4 077 462	4 396 960	÷ 319 498
1967	5 366 000	7 033 000	5 366 000	1 667 000
1968	6 701 000	7 534 406	6 701 000	833 406
1969	7 765 000	9 328 423	6 765 000	2 563 423
1970	8 600 000	10 186 654	8 600 000	1 586 654
Samtals		59 110 349	46 195 661	12 914 688

Á þessu 15 ára tímabili hefur rikissjóður þannig haft alls 12 914 688 króna hagnað af skipulagsgjöldum fram yfir kostnað vegna skipulagsmála á sama tíma.

Árið 1971 námu innheimt skipulagsgjöld kr. 12 687 992.00
en árið 1972 námu innheimt skipulagsgjöld — 13 809 000.00

Z. Pálsson.